

# **GREINARGERÐ UM ATHUGASEMD ER BARST UMHVERFISSTOFNUN VIÐ AUGLÝSTA STARFSLEYFISTILLÖGU FYRIR URÐUNARSTAÐ SKAFTÁRHREPPS Á STJÓRNARSANDI.**

## **Inngangur**

Að fenginni umsókn Skaftárhrepps um starfsleyfi fyrir urðunarstað á Stjórnarsandi, vann Umhverfisstofnun starfsleyfi fyrir staðinn. Tillagan var auglýst á tímabilinu 22. júní – 17. ágúst 2012 og barst ein athugasemd við hana á auglýsingartímanum, frá Braga Gunnarssyni, Lyngrima 22, 112 Reykjavík.

Í athugasemdinni var farið fram á að ekki yrði veitt starfsleyfi fyrir meiri umsvifum en væru nú til staðar þ.e.a.s. 25 tonnum á ári og þá eingöngu til bráðabirgða á meðan verið er að ganga frá eignarhaldi á landareignum á Stjórnarsandi. Í athugasemdinni kemur jafnframt fram að ekki sé samkomulag um landamerki á Stjórnarsandi. Ennfremur er bent á að aukin umsvif á urðunarstaðnum hafi í för með sér takmarkaða nýtingu á landsvæðinu í nágrenni urðunarstaðarins.

Höfundur athugasemdar fer einnig fram á staðfestingu Umhverfisstofnunar á því að ekki stafi mengun frá urðunarstaðnum á nærliggjandi landsvæði. Að auki er farið fram á að Umhverfisstofnun staðfesti að staðið hafi verið við núgildandi starfsleyfi og svæðið í nágrenni urðunarstaðarins sé ómengað og að ekki hafi farið fram urðun utan svæðisins.

## **Niðurstaða Umhverfisstofnunar**

Útgáfu leyfisins hefur verið frestað í tvígang, annars vegar til að fá niðurstöður á mælingum á mengunarþáttum í grunnvatni úr tveimur mælibrunnum neðan staðarins og hins vegar vegna þess að Skipulagsstofnun taldi í erindi sínu frá 10. janúar 2012 að um breytingu á starfsemi væri að ræða frá því sem kynnt var í mati á umhverfisáhrifum sem lokið var í febrúar 1998, en í nýju starfsleyfi er heimilt að urða heimilsúrgang. Því þurfti framkvæmdaraðila að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðun um matsskyldu barst frá Skipulagsstofnun 31. júlí sl. og var það niðurstaða stofnunarinnar að breyting á urðunarsvæði á Stjórnarsandi, Skaftárhreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Þá var útgáfu leyfisins frestað vegna deiliskipulagsvinnu en breyta þurfti deiliskipulagi á urðunarstaðnum sem fól í sér að sá hluti urðunarsvæðis sem nýttur hefur verið til urðunar ösku frá sorpbrennslu verður nýttur fyrir urðun heimilsúrgangs. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í sveitastjórn 10. maí sl. og skipulagið auglýst í Stjórnartíðindum þann 30. september sl.

Samkvæmt eldra starfsleyfi er heimilt að urða allt að 200 tonn á ári á urðunarstaðnum, því er ekki um aukningu á leyfilegu magni að ræða í nýju leyfi. Eðlisbreyting verður hinsvegar á starfseminni sem, eins og kemur fram hér að ofan, er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Niðurstöður mælinga á efnisþáttum í grunnvatni neðan staðarins gefa enn fremur ekki tilefni til að ætla að óeðlileg mengun berist frá staðnum.

Í athugasemd sem barst við auglýsta tillögu er gerð athugasemd við staðsetningu urðunarstaðarins á Stjórnarsandi þar sem ekki sé samkomulag um landamerki á svæðinu. Staðsetning urðunarstaðrins kemur fram í gildandi deiliskipulagi Skaftárhrepps, staðfestu af sveitarstjórn Skaftárhrepps 14. júní 2011 sem og nýju deiliskipulagi sem var samþykkt með breytingum í sveitastjórn þann 10. maí sl. Ofangreind athugasemd snýr að staðsetningu urðunarstaðar og hefði þar af leiðandi þurft að koma fram á auglýsingatíma deiliskipulags. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn með hliðsjón að staðfestu deiliskipulagi.

Að endingu vill Umhverfisstofnun benda á að reglubundnar eftirlitsferðir verða farnar einu sinni á ári til að ganga úr skugga um að urðunarstaðurinn fari að ákvæðum starfsleyfisins og þeirri löggjöf sem um starfsemina gildir. Því til viðbótar tekur stofnunin alvarlega allar ábendingar og athugasemdir sem berast frá almenningi og kannar þær til hlítar. Verði mengun frá urðunarstaðnum meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins mun Umhverfisstofnun taka á þeirri stöðu í samstarfi við Skaftárhrep, í samræmi við gr. 1.9 í auglýstri starfsleyfistillögu. Hægt er að nálgast upplýsingar úr eftirliti, bæði eftirlitsskýrslur og mælingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.